

DÖFFBLAÐIÐ

TÍMARIT FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

SEPTEMBER 2016

NYLE DIMARCO FÉKK TÆKIFÆRI

TIL AÐ BREYTA VIÐHORFUM
HEYRANDI TIL HEYRNARLAUSRA

eftir GUNNAR SNÆ JÓNSSON

HVAÐ VERÐUR UM ÍSLENSKT TÁKNMÁL?

HVAÐ SKAL GERA TIL AÐ BJARGA
MÁLI Í ÚTRYMINGARHÆTTU?

eftir NATHANIEL MUNCIE

HÆTTUM ALDREI BARÁTTUNNI

VIÐ ÞURFUM ALLTAF AÐ STANDA VÖRÐ UM
HAGSMUNI OKKAR FRÁ VÖGGU TIL GRAFAR.

eftir HEIDDÍSI DÖGG EIRÍKSDÓTTUR

**„Að taka ljósmyndir í mínum
augum er eins og jóga.
Þegar maður á fjölskyldu
og þarf að sinna vinnu,
fjölskyldulífi og
streita myndast fer
ég stundum í gönguferð
að taka myndir og
það hjálpar mér
að slaka á.”**

SJÁ VIÐTAL VIÐ ADAM Á BLAÐSÍÐU 20



4 Formannspistill og pistill framkvæmdastjóra
Pistlar frá starfsmönnum félagsins

5 Fréttir vikunnar
Félagið fór af stað með tilrauna-verkefnið „Fréttir vikunnar“ um áramót og lagt var upp með vikulega pistla. Sagt er frá þróun verkefnisins og það borið saman við þjónustu í öðrum löndum.

6 Alþjóðavika heyrnarlausra
Alþjóðasamtök heyrnarlausra hafa gefið út nýtt þema af tilefni af Degi heyrnarlausra. Táknmál gerir mig að jafningja.

11 Hinsta kveðja
Félag heyrnarlausra sendir hinstu kveðju til þeirra sem fallið hafa frá nýlega og vottar aðstandendum þeirra sína dýpstu samúð.



12 Hættum aldrei baráttunni
Formaður félagsins talar um samfélagsábyrgð í baráttunni við að sækja réttindi sín. Baráttu sem aldrei lýkur.



14 Leiðtogiinn sem fékk tækifæri til að breyta heiminum.
Nyle DiMarco vakti athygli þegar hann sigraði í raunveruleikaþættinum America's Next Top Model. Hann segir frá sigrinum og hvernig hann hefur nýtt hann til að breyta heiminum og viðhorfi heyrandi gagnvart heyrnarlausu.

18 Við borum á nef á meðan tungumálið okkar deyr
Á hverju ári deyja tungumál en áður en það gerist þá færast þau í flokk tungumála í útrýmingarhættu. Íslenskt táknmál er eitt af þessum tungumálum í hættu.



20 Ljósmyndarinn í týnda landinu
Íslandsvinurinn og ljósmyndarinn Adam Skrzyszewski hefur búið hér á landi í 10 ár. Hann notar náttúruna til að slaka á og dreifa huganum. Í viðtalinu segir hann frá því hvernig áhugi hans á ljósmyndun hófst og hvert hann ætlaði að fara áður en hann endaði á Íslandi.



26 Ó já, við viljum lifa á Norðurlöndum
Æskulýðsmótið var haldið í 30. sinn á Íslandi í sumar. Æskulýðsmótið hefur oft verið kallað vítamínssprautu og talið sjálfseflandi fyrir ungmenni og stöðu döff og táknmálsins á Norðurlöndunum.

34 Táknmál í Eurovision
Kolbrún Völkudóttir tók þátt í Eurovision í maí og segir frá undirbúningsnámskeið sem hún sótti ásamt öðrum táknmáls-söngvurum og framkvæmd verkefnisins í Stokkhólmi.

36 #Döffmót2016
Samantekt um döffmótið sem haldið var á árinu.

Framkvæmdastjóri:
Daði Hreinnson
dadi@deaf.is

Ábyrgðarmaður:
Heiðís Dögg Eiríksdóttir
heiddis@deaf.is

Ritstjóri:
Gunnar Snær Jónsson
gunnar@deaf.is

Umbrot:
Gunnar Snær Jónsson

Ljósmynd á forsíðu:
Bára Kristinsdóttir

Aðsendar ljósmyndir:
Hjördís Anna Haraldsdóttir
Heiðís Dögg Eiríksdóttir
Karenína Chiodo
Troels Madsen
Adam Skrzyszewski
og aðrar aðsendar myndir

Prófarkalestur:
Anney Þórunn Þorvaldsdóttir

Stjórn Félags heyrnarlausra:

Heiðís Dögg Eiríksdóttir

formaður

Hjördís Anna Haraldsdóttir

varaformaður

Sigríður Vala Jóhannsdóttir

Bernharð Guðmundsson

Hanna Lára Ólafsdóttir

meðstjórnendur

ISSN:
1670-6013



Fylgið með okkur
facebook.com/felagheyrnarlausra



Útgefandi:
Félag heyrnarlausra
Þverhólt 14
105 Reykjavík

Sími / Fax:
561-3560 / 551-3567
Netfang: deaf@deaf.is
Veffang: www.deaf.is

Formannspistill



Heiddís Dögg Eiríksdóttir
Formaður
heiddis@deaf.is

Þegar ég tók við embætti formanns Félags heyrnarlausra þá sagði einn góður vinur minn að líta mætti á félagið sem stórt flaggskip. Áhöfnin er sem sé stjórnarmenn, starfsmenn og félagsmenn félagsins. Á aðalfundi kjósa félagsmenn stjórn félagsins til að stýra skipinu í áttina að markmiðinu með aðstoð allra sem eru í skipinu. Ég hef alltaf haft þessa myndlíkingu í huga við störf mín sem formaður félagsins.

Í kjölfar umfjöllunar sem félagið fékk um sig í vor má segja að skipið hafi fengið á sig slæman brotsjó. Höggið var slæmt og erfitt fyrir ímynd og starfsemi félagsins og samfélagið í heild. Stjórn félagsins ákvað strax að bregðast við eins og best yrði á kosið fyrir félagið í heild. Félagið lét gera innanhúsrannsókn sem kynnt var fyrir stjórnarmönnum og síðar félagsmönnum og vissar aðgerðir framkvæmdar í kjölfar innanhúsrannsóknarinnar.

Þær aðgerðir sem stjórn félagsins samþykkti að fylgja eftir voru að leggja niður starf markaðsstjóra félagsins í samráði við lögfræðing félagsins og aðallögfræðingur félagsins gerði ráðstafanir til að leiðrétta hlut happdrættissölumanna ef við á. Þá var lögfræðingi, endurskoðanda og framkvæmdastjóra félagsins falið að setja saman skriflegar reglur um samskipti félagsins við happdrættissölumenn til að tryggja að uppgjör þeirra fari fram á löglegan hátt og hægt verði að koma í veg fyrir brot á þeim reglum. Einnig samþykkti stjórnin að markmiðið í komandi tíð yrði að byggja upp traust og ímynd félagsins.

Nú er haustið skolið á og í sumar hafa margir í áhöfn skipsins farið í naflaskoðun. Nú réttum við skipið af og höldum leið okkar áfram í baráttunni. Það mun taka sinn tíma að gera við skemmdirnar eftir brotsjóinn en baráttan hættir aldrei og við siglum áfram að markmiðum okkar.

Pistill framkvæmdastjóra



Daði Hreinsson
Framkvæmdastjóri
dadi@deaf.is

Sælt veri fólkíð.

Ég verð að segja að ég er sár og ég er reiður vegna þeirrar útreiðar sem heyrnarlausir og Félag heyrnarlausra fékk í fjölmiðlum í vor þar sem félagið var tengt við mansal og ólöglega starfsemi. Með þessari frétt og fréttum sem birtust í Fréttablaðinu er verið að vanvirða þá starfsemi sem félagið sinnir og heldur utan um, sem og starfsfólk og stjórnarlið þess í heild sinni. Hefði félaginu verið tilkynnt um málið áður hefði verið tekið á því af fullum þunga og alvöru. Alltaf skal taka ásökunum um mannréttindabrot alvarlega og með Félag heyrnarlausra í fararbroddi sem hagsmunagæsluaðili heyrnarlausra í réttindum og ekki síst mannréttindum þá tel ég þá ákvörðun þeirra sem að málinu komu hafi valdið félaginu ómetanlegu tjóni og mannorðsmíssi í garð heyrnarlausra. Af málinu og rannsókn þess hefur félagið ekki neinar niðurstöður fengið hvort um mannréttindabrot eða mansal var að ræða, ekki er vitað hvort lögreglurannsókn sé í gangi. Eftir situr félagið með sárt ennið eftir margra ára uppbyggingu félagsins í öflugri þjónustu sem og uppbyggingu á jákvæðri ímynd heyrnarlausra í garð samfélagsins.

Verð ég því að segja að ég er mjög sorgmæddur vegna þeirrar stöðu sem félagið er í. Hefst uppbygging frá grunni, töluverður samdráttur á þjónustu sem félagsmenn munu strax finna nú í haust og er það meginsteftna félagsins að sinna grunnþjónustu sinni sem best áfram. Stjórn og framkvæmdastjóri og starfsfólk hefur ákveðið eins og menning mauranna er að hefja sameinuð uppbyggingu á félaginu og um leið að félagsmenn sýni því skilning að í ljósi þessara hamfara muni félagsmenn finna fyrir niðurskurði á starfsemi félagsins í einhvern tíma en eins og fyrr segir að tryggja áfram grunnþjónustu og baráttu fyrir bættum skilyrðum heyrnarlausra í daglegu lífi.

Lifið heil!



Félag heyrnarlausra hefur birt yfir 20 myndbönd undir liðnum „Fréttir vikunnar“ frá áramótum. Á Norðurlöndunum er víða betri aðgengi þar sem eru sér heimasíður fyrir viðfangsefni heyrnarlausra á táknmáli.

Um áramót þegar stjórn félagsins ákvað að fara af stað með tilraunaverkefnið, Fréttir vikunar, var lagt upp með að hafa vikulega pistla um málefni er tengjast döf. Markmiðið var að fræða félagsmenn um starfsemi, hlutverk og fleira tengt félaginu. Hugmyndin þróaðist fljótlega í að prófað var að fjalla um ný viðfangsefni og skoðað hverju félagsmenn hefðu helst áhuga á. Birtir voru pistlar á hverjum föstudegi og hefur verkefnið gengið vel en gefin hafa verið út yfir 20 myndbönd sem hægt er að skoða á heimasíðu okkar.



Á Íslandi er ekki til fræðslu- og afþreyingarefni í tákn málsútafú ef frá er talið barnaefni fyrir tákn málstalandi börn og börn sem hafa áhuga á táknmáli. Fræðsluefni á íslensku er sjaldnast með íslenskum texta. Þetta er ástæða þess að félagið ákvað að hefja útsendingar á Fréttum vikunnar. Svo félagsmenn geti eins og aðrir Íslendingar haft aðengi að fræðslu- og skemmtiefni á sínu móður máli.



Í upphafi var áhersla á að veita upplýsingar um starfsemina, viðtöl við starfsfólk um hlutverk sitt og hvers kyns ráðgjöf og aðstoð félagsmenn geta fengið hjá félaginu. Síðar var ákveðið að taka viðtöl við heyrnarlausra um vinnu, áhugamál o.fl. T.d. voru tekin viðtöl við Elsu G. Björnsdóttur um verðlaunastuttmýnd sína og Unni Pétursdóttur sem sigraði kokkakeppni í Danmörku.

Þetta tilraunaverkefni hélt áfram að þróast og þar sem félagsmenn voru ánægðir var ákveðið að koma fram með nýjungar til að fá tilbreytingu. Samfélagið er lítið hér á landi en við reynum eftir bestu getu að koma með nýtt og nýtt efni um menningar-samfélag heyrnarlausra.



Ef aðgengi heyrnarlausra að upplýsingum hér á landi er borið saman við aðgengi heyrnarlausra á Norðurlöndunum má sjá að Ísland er töluvert á eftir. Í Danmörku er heimasíða sem heitir Döfmynd (Døvefilm) þar sem gefin eru út myndbönd af ýmsu tagi á dönsku táknmáli. Þar má m.a. sjá myndbönd um líf heyrnarlausra, atvinnulíf eða áhugamál en einnig fjölbreytilegt fræðsluefni. Má þar nefna efni um textun á bíómyndum, ferðlög til annarra landa einnig efni fyrir unglinga og fullorðna. Myndböndin eru flokkuð niður fyrir aldurshópa frá vöggu til dauða.

Í Finnlandi er tákn málsbókasafn (Viitoomakielinen kirjasto). Þar er að finna svipað efni og í Danmörku og einnig eins og Fréttir vikunnar. Lengi hefur verið unnið að þessu efni þar og þar af leiðandi mun meira efni í boði en hjá okkur. Við eigum ekki einu sinni menningarhús eða tákn máls hús fyrir heyrnarlausra og þess vegna eru Fréttir vikunnar fyrsta skrefið í átt til þess að veita heyrnarlausu fólki aðgengi að upplýsingum á táknmáli.

Við leggjum áherslu á að bæta íslenskum texta í pistla sem við birtum á heimasíðu okkar fyrir þá sem kunna ekki íslenskt táknmál. Merkillegt er að í Finnlandi er notast við finnskt tal í staðinn fyrir texta vegna tímasparnaðar. Maður spyr sig því hvort er þægilegra íslenskur texti eða íslenskt tal.

ALPJÓÐAVIKAN HEYRNARLAUSRA 2016



Alpjóðavika heyrnarlausra er átak sem skipulagt er af Alpjóðasamtökum Heyrnarlausra og var sett af stað árið 1958 í Róm á Ítalíu. Í síðustu viku september, ár hvert, er þessi vika haldin hátíðleg. Alpjóðavikunni er fagnað á ýmsan hátt hjá samfélögum heyrnarlausra um allan heim. Hátíðarhöldin kalla á þátttöku allra sem máli skipta eins og fjölskylda, vina, ríkisstofnana og tákn máls-túlka.

Afhverju er Alpjóðavika heyrnarlausra mikilvæg?



Alpjóðavika Heyrnarlausra er eina vikan á árinu sem snýst um að bæta vitund fólks um samfélag heyrnarlausra á mörgum mismunandi stigum. Tilgangurinn er að koma fólki saman og að sýna samstöðu, og einnig að sýna heiminum fram á þessa sameiningu.



Alpjóðavika vinnur að því að viðhalda og efla mannréttindi heyrnarlausra og leggur áherslu á þau umræðuefni sem skipta máli og eru mikilvæg hverju sinni.



Alpjóðavika stefnir að því að kalla eftir stuðningi og sameiningu hjá heiminum öllum, með reglulegri, kerfisbundinni og útbreiddri liðkun til þess að tryggja að umfjöllun í fjölmiðlum sé nægileg og að átökin séu sýnileg.

Liðin þemu

- 2009** Menningarafrek heyrnarlausra
- 2010** Döff Menntun
- 2011** Aðgengi að upplýsingum og samskiptum
- 2012** Tvítýngi á tákn máli eru mannréttindi
- 2013** Jafnrétti heyrnarlausra
- 2014** Efling mannsbreytileika
- 2015** Með réttindi til tákn máls geta börnin okkar allt

Táknmál gerir mig að jafninga

Alþjóðavika heyrnalausra 2016 verður haldin hátíðleg undir þemanu „Táknmál Gerir Mig að Jafningja“ og verður hún stútfull af mikilvægum áföngum. Haldið verður upp á 65 ára afmæli Alþjóðasamtaka heyrnalausra, minnst verður 10 ára afmælis samþykkis Samnings um rétt fatlaðra og viðurkenning nýlega samþykkrar Verkaskrár2030, ásamt nýju SDG.



Réttindi við fæðingu

Byggist á hugmyndinni um grundvallar mannréttindi í tengslum við máltöku við fæðingu. Þegar tungumálið lærist fljótt gerir það börnum kleift að eiga fullnægjandi samskipti við aðra, atriði sem stuðlar undir vitrænni og samfélagslegri færni. Heyrnalaus börn þurfa greiðan aðgang að táknmáli frá fæðingu.

Döff sjálfsmynd

Staðfestir stöðu heyrnalaus einstaklings í menningar- og tungumála samfélagi sem notar táknmál sem móðurmál eða fyrsta tungumál.



Aðgengileiki

Ýtir undir mikilvægi þess að heyrnalausir einstaklingar hafi aðgang að opinberum upplýsingum og þjónustu frá aðilum eins og táknmálstúlka og þýðingartextum á myndefni. Lykilatriði í aðgengileika opinberrar þjónustu eins og heilsu- og félagsþjónustu, vinnumálum og/eða aðrar ríkisreknar þjónustur er aðgangur og úthlutun táknmálstúlka.

Jafnt öðrum tungumálum

Samþykkir táknmál sem gilda leið að tjáningu hugsana og tilfinninga. Táknmál er fullvirkt tungumál með setningafræði, formgerð, og uppbyggingu. Það uppfyllir öll atriði sem uppfylla þarf til þess að geta kallað sig gilt tungumál. Þetta hefur verið staðfest í mörgum kerfisbundnum rannsóknum á málvísindum og táknmáli síðan seint á áttunda áratugnum.



Jafnrétti til atvinnutækifæra

Táknmálsgeta í samskiptum og úthlutun táknmálstúlka gerir heyrnalausum fólki kleift að vinna nánast því hvaða vinnu sem gefst. Það er mikilvægt fyrir þau að stefna að vinnu sem veita ánægju og öryggi, jafn mikið og fyrir aðra. Aðal hindranir að atvinnu koma frá óaðgengileika í vinnuumhverfum, frekar en getu fólks til að heyra.

Tvítýngd menntun

Hvetur þá sem máli skiptir að samþykkja þörf á tvítýngdri menntun heyrnalausra barna, og að skilja að það er vöntun og þörf á góðum menntunarmöguleikum fyrir tvítýngi í táknmáls umhverfi. Tvítýngd menntun er samfélags- og menningaraðferð sem notast við táknmál sem aðal kennslumál, og leggur einnig sterka áherslu á lestrar- og ritkennslu á þjóðarmálinu.



Jöfn þátttaka

Heyrnalaust fólk þarf jafnan aðgang að möguleikum til að taka þátt í persónulegum, opinberum og pólitískum málum. Einnig er þörf á að tryggja tækifæri heyrnalausra að stjórnarstöðum svo að réttindi þeirra og þarfir séu bornar fram. Það er mikilvægt að þau taki virkan þátt í ákvörðunartöku sem snertir einnig samfélagið þeirra. Þetta er speglun á slagorðunum, „Ekkert Um Okkur, Án Okkar.“

Lífslangur lærdómur

Aðgengi að menntun, starfsnámi, og áframhaldandi fagþjálfun eru lykilatriði þess að fá og halda í vinnu sem borgar nóg til að lifa sjálfstæðu lífi.



TAKTU ÞÁTT!

1. HVERJU VILJA BREYTA?

Finndu málefni eða hindrun sem þú eða hópurinn þinn hafa áhuga á að breyta, og skilgreindu svo nánar hvaða svæði það er sem þarf að breytast. Ertu að reyna að breyta skoðunum annarra, efnahagslegum hindrunum, stofnunarvenjum, eða hindrunum á upplýsingasöfnun?

2. Á HVAÐA STIGI GERIST BREYTINGIN?

- Ríkið
- Samtök og einkarekin fyrirtæki
- Samfélag og einstaklingar
- Opinberar stofnanir
- Samfélag heyrnarlausra

3. AÐ ÖÐLAST SKILNING Á VANDAMÁLINU

Útskýrðu vandamálið eða hindrunina.

- Hvers konar áhrif hefur það á líf heyrnarlausra?
- Á hvern hefur það áhrif?
- Hverjar eru mögulegar ástæður fyrir vandamálinu?
- Berðu vandamálið saman við CRPD. Hvaða réttindi eru brotin?
- Hvernig hjálpar það lífi heyrnarlausra að takast á við vandamálið?
- Hvað nákvæmlega er hægt að gera til að takast á við vandamálið?
- Hverjir þurfa að taka þátt svo hægt sé að takast á við vandamálið?

4. SAFNAÐU UPPLÝSINGUM

- Hvaða lög vernda þig og styðja við réttinn sem hefur verið neitaður?
- Hvaða tölfræðigögn hefur þú til að styðjast við?
- Gerðu grein fyrir möguleigum stuðningsmönnum, fólk sem getur og mun hjálpa og styðja við þig í því að leysa vandann. Skoðaðu hvernig er hægt að vinna saman til að ná markmiðunum ykkar.

5. SKIPULEGGÐU OG GERÐU

Nú er kominn tími til að fara eftir aðgerðaráætluninni þinni og gera eitthvað. Framkvæmdu skrefin sem þú gerðir grein fyrir áðan til þess að koma af stað breytingu í samfélaginu.

6. FYLGDU EFTIR

Fylgja þarf eftir öllum málsvörnum!

- Uppfylltir þú áætlunina? Hvað heppnaðist? Hvað reyndist erfitt?

Ef þú náðir markmiðinu:

- Hvað hjálpaði þér við að ná árangri?
- Getur þú notað sömu aðferðir fyrir önnur markmið?

Ef þú náðir ekki markmiðinu:

- Hvaða breytingar þarf að gera á aðgerðaráætluninni til þess að ná árangri næst?
- Þarftu fleiri úrræði, meðlimi í hópinn, stuðningsmenn eða upplýsingar?
- Hver verða næstu skref?

GERÐU GREIN FYRIR VANDANUM

Í málsvörn þinni, vísaðu í alþjóðalög um mannréttindi fyrir hvert lykिलatriði í þemanu. Notaðu gefnar **Almennar spurningar** sem viðmið.

RÉTTUR VIÐ FÆÐINGU

CRPD grein 21.e og 24.3b

Krefst að ríkið ýti undir táknaáskilgreiningu og stuðli að tungumálasjálfi í samfélagi heyrnarlausra

JAFNT ÖÐRUM TUNGUMÁLUM

CRPD grein 2

Gerir það skýrt að táknaáskilgreining er jafnt töluðu máli!

CRPD grein 21.b

Gefur heyrnarlausu fólki möguleika á því að velja sjálft hvernig þau láta frá sér og taka við opinberum samskiptum, þar með talið á táknaáskilgreiningu.

CRPD grein 23.3

Krefst að ríkið útvegi strax víðtækar upplýsingar um þjónustu og stuðning fyrir börn með hamslanir og fjölskyldur þeirra, ásamt upplýsingum um menningu heyrnarlausra, táknaáskilgreiningu og tvítyngda menntun.

SJÁLFSMYND HEYRNARLAUSRA

CRPD grein 30.4

Krefst að ríkið viðurkenni og styðji ákveðið menningar- og tungumálasjálfi, þar með talið táknaáskilgreiningu og menningu heyrnarlausra.

ALMENNAR SPURNINGAR

- Er táknaáskilgreining viðurkennt af samfélagi heyrnarlausra sem náttúrulegt tungumál? Ef svarið er nei, eru til einhverjar áætlanir um að koma af stað þróunarverkefni í táknaáskilgreiningu?
- Er valdhöfum og samfélagi heyrnarlausra ljóst hversu rík og breytileg táknaáskilgreiningin geta verið?
- Hafa heyrnarlausir aðgang að upplýsingum á táknaáskilgreiningu?
- Er táknaáskilgreining jafn virt/viðurkennt og önnur, töluðu mál í landi þínu? Ef svarið er já, eru lög og venjur ísamræmi við opinbera stöðu?
- Er viðurkenning táknaáskilgreiningu virt sem grundvallaratriði í mannréttindum heyrnarlausra barna?
- Er almenna viðhorfið á táknaáskilgreiningu jákvætt í samfélaginu?
- Gera yfirlit sér grein fyrir rétt heyrnarlausra barna á táknaáskilgreiningu?
- Vita yfirlit að táknaáskilgreiningu ætti að vera fyrsta tungumál heyrnarlausra barns, tungumálið sem barnið byggir alla þekkingu sína á öðrum tungumálum út frá? Eru þau vakandi fyrir mikilvægi þess að hafa aðgang að tungumáli?
- Veit samfélag heyrnarlausra að aðgangur að táknaáskilgreiningu er mannréttindi?
- Eru foreldrar heyrnarlausra barna upplýstir um mikilvægi þess að barnið læri táknaáskilgreiningu til þess að stuðla að málaþroskun og vitrænni getu?
- Er fagfólki í heilbrigðiskerfinu ljóst að börn þurfa málfræðilegan grunn til þess að þróa með sér tungumál? Vita þau að tungumál er ekki bara leið til samskipta, heldur grunnur að heilbrigðri sjálfsmynd og allri heilastarfsemi?
- Er ríkið að fjármagna rannsóknir á táknaáskilgreiningu, eins og til dæmis að þróa táknaáskilgreiningarabók?
- Fá foreldrar og fjölskyldur heyrnarlausra barna kennslu í táknaáskilgreiningu?

TVÍTYNGD MENNTUN

Yfirlýsing Salamanca og aðgerðarrámi fyrir börn með sérþarfir. Málsgrein 21 bls 18.

Benti á rétt heyrnarlausra barna á þjóðartáknaáskilgreiningu.

CRPD grein 24.1

Krefst að ríkið tryggji aðgreiningarlausu nám á öllum stigum.

CRPD grein 24.3b

Tryggir rétt til að læra táknaáskilgreiningu og ýtir undir tungumálasjálfi innan samfélags heyrnarlausra.

CRPD grein 24.4

Krefst að kennarar heyrnarlausra barna séu hæfir í táknaáskilgreiningu-kunnáttu.

2030 verkaskrá, markmið 4.5

Árið 2030, útrýming á kynjamismunun í menntunarmálum og jafn aðgangur að öllum stigum menntunar og starfsþjálfunar fyrir þá sem varnarlausir eru, ásamt fólki sem skilgreinist sem frumbyggjar, börnum í viðkvæmum aðstæðum, og fólki sem upplifir hömlun.

2030 verkaskrá, markmið 4.a

Bygging og endurnýjun kennsluáðstæðna sem eru gerð með börnum, hömluðum og taka tillit til kynjamála, og veita öruggt, friðsælt og árangursríkt kennslu umhverfi fyrir alla.

ALMENNAR SPURNINGAR

- Eru til skólar fyrir heyrnarlaus börn sem stuðla að gæði í táknaáskilgreiningu?
- Styður skólakerfið við táknaáskilgreiningu og tungumálasjálfi samfélags heyrnarlausra?
- Er táknaáskilgreining hluti af kennsluskránni?
- Eru heyrnarlausir einstaklingar við starf í skólanum?
- Eru aðrir kennarar altalandi á táknaáskilgreiningu?
- Styður tungumála umhverfið í skólanum nokkun á táknaáskilgreiningu?
- Eru heyrnarlaus börn í samskiptum við jafnaldraða sem geta notað táknaáskilgreiningu? Eða hafa þau einhverja fyrirmynd sem er einnig heyrnarlaus?
- Eru löggildir táknaáskilgreiningarstúlkur til staðar á kennslusvæðinu?
- Vita stjórnvöld og samfélag heyrnarlausra hvað tvítyngd menntun er?

LÍFSLANGUR LÆRDÓMUR

CRPD greinar 5, 24.5, og 27

Krefst að ríkið tryggi starfsnám og lífslanga menntun.

2030 verkaskrá, markmið 4

Tryggir aðgreiningarlausu og sanngjarna menntun, og stuðlar að lífslanga menntunarmöguleika fyrir alla.

JAFNRÉTTI TIL ATVINNUTÆKIFÆRA

CRPD grein 27

Krefst að ríkið komi til móts við þarfir heyrnarlausra starfsmanna.

2030 verkaskrá, markmið 8.5

Árið 2030, ná fullu og afkastamiklu vinnuafil og ágætis störfum fyrir alla karla og allar konur, þar með talið ungt fólk og fólk með hamlanir. Jöfn laun fyrir jafna vinnu.

AÐGENGI

CRPD grein 9 og 21

Krefst að ríkið veiti aðgengni að upplýsingum og samskiptum.

2030 verkaskrá, markmið 11.2

Árið 2030, opið verður fyrir öruggu, ódýru, aðgengilegu og viðhaldanlegu samgöngukerfi fyrir alla. Bætt öryggi á götunum, mest með því að auka samgöngur með áherslu á þá í viðkvæmri aðstöðu, til dæmis konum, börnum, öldruðum og fólki sem á við hömlun að stríða.

2030 verkaskrá, markmið 11.7

Árið 2030, alþjóðlegt aðgengi að öruggum, aðgreiningarlausum, og aðgengilegum grænum og opinberum svæðum, sérstaklega fyrir konur og börn, aldara, og þá sem eiga við hamlanir að stríða.

ALMENNAR SPURNINGAR

- Hefur ríkið hafið málshöfðun til að tryggja að einkafyrirtæki fjarlægji þættina sem gætu mögulega hindrað aðgengi heyrnarlausra?

ALMENNAR SPURNINGAR

- Hefur ríkið farið fram á lagasetningu sem verndar heyrnarlaust fólk fyrir fordómum á vinnustað?
- Er táknmálistúlkur til staðar á vinnustaðnum?

ALMENNAR SPURNINGAR

- Hefur ríkið tekið einhver skref til þess að auðvelda aðgengi heyrnarlausra að samskiptum við aðra? Ef svarið er já, er táknmálistúlkur möguleikí?
- Borga stjórnvöld fyrir túlkapjónustu?
- Er góð kennsla og þjálfun í túlkanaði í þínu landi?
- Er einhver sem hefur eftirlit með kennsluskrá og aðferðum túlkapjónustunnar?
- Eru mikilvæg efni sem við koma mannréttindi, eins og CRPD og SDG, aðgengileg á þjóðartáknmálinu?
- Eru lög til staðar sem tryggja jafnt aðgengi fyrir alla?
- Hefur ríkið þróað einhverjar lágmarkskröfur fyrir aðgengi, viðmiðunarreglur eða eftirlitskerfi?
- Tekur ríkið þátt í einhverjum athöfnum eða venjum sem hindra aðgengi?
- Hefur ríkið hafið málshöfðun til að tryggja að einkafyrirtæki fjarlægji þættina sem gætu mögulega hindrað aðgengi heyrnarlausra?

JÖFN ÞÁTTTAKA

CRPD grein 5

Krefst að ríkið banni mismunun á hömluðum og tryggja þeim, ásamt heyrnarlausum, jafna og árangursríka lögvernd gegn því.

CRPD grein 12

Krefst að ríkið tryggir fólki með hamlanir og heyrnarlausum lagalega getu á jöfnum grunni við aðra á öllum sviðum lífsins.

CRPD grein 20

Krefst að ríkið gerir nægilegar ráðstafanir til að tryggja einstaklingshreyfileika, sjálfstæði og möguleika fyrir fólk með hamlanir, þar með talda heyrnarlausu.

CRPD grein 9

Krefst að ríkið stuðlar að umhverfi sem ýtir undir fulla þátttöku í pólitísku og samfélagslegu lífi á jöfnum grunni við aðra, þar með talið tækifæri til að kjósa og vera kosin.

CRPD grein 23

Krefst að ríkið geri viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir til þess að binda enda á mismunun fólks með hamlanir, heyrnarlausum þar með talin, í öllum málum varðandi hjúskap, fjölskyldu, foreldrahlutverk, og sambönd, á jöfnum grunni við aðra.

CRPD grein 24

Skuldbindir ríkið til að ýta undir táknmálsnám og til að stuðla að tungumálasjálfráttátt heyrnarlausra. Þetta styrkir lífs- og félagsþætti þeirra og stuðlar að fullri og jafnri þátttöku í námi, og sem einstaklingar í samfélaginu.

2030 verkaskrá, markmið 10.2

Árið 2030, styrking og stuðun að félags, fjárhags og pólitískri þátttöku allra, óháð aldri, kyn, hömlun eða fötlun, kynþætti, uppruna, trú, eða efnahagsstöðu.

ALMENNAR SPURNINGAR

- Mega heyrnarlausir aðilar löglega giftast?
- Mega heyrnarlausir aðilar kjósa eða verða kosnir á pólitískum vettvangi?
- Mega heyrnarlausir aðilar erfa eignir?
- Mega heyrnarlausir aðilar taka þátt í lagalegri dómnefnd?
- Mega heyrnarlausar konur fæða börn?
- Mega heyrnarlausir aðilar eignast ökuskráir?

Hinsta kveðja

Félag heyrnarlausra sendir við hinstu kveðju til þeirra sem fallið hafa frá og vottum við aðstandendum okkar dýpstu samúð. Við kveðjum með vinsemd og virðingu.

Félagið þakkar og minnst þeirra allra fyrir ólík framlög þeirra til félagsins. Þeir voru allir ólíkir á sinn hátt, sem hefur gert menningararf félagsins auðugri.



VILHJÁLmur B. VILHJÁLmSSON


23. júlí 2015

Vilhjálmur var í stjórn Foreldra- og styrktarfélags heyrnarlausra og heyrnarskertra frá 1966-1984 og fyrsti formaður þess frá 1966-1969.

HARALDUR FRÍÐJÓNSSON

20. október 2015

Haraldur var á sjó í 47 ár og fékk hann orðu fyrir störf sín á sjónum árið 2006. Sögðu skipsfélagar með honum á sjó að nóg hafi verið að senda honum hugskeyti og hann hafi þá snúið sér að þeim. Hann var duglegur að heimsækja félagið í föstudagskaffinu og vantaði varla dag upp á að hann mætti ekki þannig að hans og léttu lundar er sárt saknað hér í félaginu.



TADEUSZ JÓN BARAN

21. mars 2016


Baran var sölumaður happdrættis hjá Félagi heyrnarlausra í mörg ár og með dyggustu sölumönnum félagsins. Hann var þar að auki einn af þeim sem stofnuðu íþróttafélag heyrnarlausra ÍFH árið 1979 og spilaði handbolta með Ögra og íslenska handboltalandsliði heyrnarlausra fram að fimmtugsaldri.

BRAGI ÁSGEIRSSON

25. mars 2016

Bragi var myndlistarmaður, myndlistarkennari, listrýnir og greinahöfundur. Í gegnum árin hefur Bragi fært félaginu listaverk og ljóð að gjöf og eru mörg verka hans á veggjum félagsins.





LJÓSMYNDIR EFTIR BÁRU KRISTINSDÓTTUR

Hættum aldrei í baráttunni!



Heiðís Dögg
Eiríksdóttir

Hagsmunabaráttan er ekki auðveld fyrir neinn. Hana heyjum við hjá Félagi heyrnarlausra daglega. Stundum höfum við sigur, stundum takmarkaðan og stundum tekur baráttan lengri tíma en við áætluðum. Í hagsmunabaráttu stendur fólk saman í óeigingjörnu starfi með mismunandi skoðanir. Ekki eru allir sammála um leiðir í hagsmunabaráttunni þó markmiðin séu þau sömu. Það er ábyrgð okkar samfélagsþegna að vinna að því að sækja réttindi okkar. Það er klárt mál að baráttunni lýkur aldrei.

Fyrir nokkru síðan sá ég stutt myndband sem var gefið út af DDL (Danske Døvas Landsforbundet). Þetta myndband vakti áhuga minn á hugðarefninu „hagsmunabaráttan“. Í þessu stutta myndbandi eru sýndar tvær hliðar á lífi einstaklings sem notar táknmál í daglegu lífi. Ein hliðin sýnir þegar persónan í myndinni sefur yfir sig vegna þess að engin vekjaralukka var með titringi. Persónan mætir á starfs-

mannafund, enginn túlkur er og missir vinnuna fljótt. Hún sest á skólabeck en enginn túlkur er og hrekst úr námi svo fátt eitt sé nefnt. Hin hliðin sýnir þegar persónan vaknar við vekjaralukkuna, mætir í vinnu og á starfsmannafund með atvinnutúlki og nýtur sín í námi með táknmálstúlki. Ég fór að hugsa hvað Félag heyrnarlausra hefur gert mikið fyrir félagsmenn sína, þá á ég við baráttumálin sem hafa fært þeim sem

reiða sig á íslenskt táknmál aukin réttindi til að njóta lífsins á jafnréttisgrundvelli þó enn vanti uppá, en það kemur ef við höldum áfram á sömu braut.

Við vitum að Ísland er ekki fjölmennt land og þar af leiðandi er hópurinn fámennur sem reiðir sig á íslenskt táknmál í sínu daglega lífi. Við erum mismunandi með mismunandi lífsreynslu, skoðanir, áherslu og hagsmuni. Við sjáum að stjórnvöld endurspeglar sumar áherslur og hagsmuni en önnur falla í skuggann og það þekkja margir félagsmenn okkar. Félag heyrnarlausra hefur unnið markvisst að hagsmunabaráttu í 66 ár en þó var upphaflega lögð áhersla á að stuðla að aukinni félagsþátttöku félagsmanna en mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Hagsmunasamtök eru samfélaginu mikilvæg, þau vekja athygli á málefnum ákveðins hóp og þrýsta á ríki og sveitarfélög með úrræði og niðurstöðu fyrir sitt fólk. Félag heyrnarlausra er einn mikilvægur hluti í uppbyggingu á samfélagi þeirra sem reiða sig á íslenskt táknmál. Félagið hefur sótt mörg réttindi og ekki hefur félagið



**Bára Kristinsdóttir
tók ljósmyndir af
tilefni Dags
heyrnarlausra árið
1997 og voru
Ragnar Erlendsson
og Unni Péturs-
dóttur m.a. fengin
til að sitja fyrir.
Myndirnar eru
ómetanlegar fyrir
sögu heyrnarlausra.**

unnið alla slagi eða náð öllum markmiðum sínum en árangurinn er samt sem áður til staðar. Stærsti sigurinn er að mínu mati lög um íslenska tungu og íslenskt tákn- mál, þann 27. maí 2011. Þegar kosning um lögin fór fram á Alþingi braust út mikil fögnuður. Þessi barátta tók nær 20 ár; að fá táknmálið viðurkennt, fá viðurkenningu á að okkar tungumál væri ekkert síðra en íslenska raddmálið. Þetta er eitt af fáum málum tengt baráttunni sem hafa verið tekin upp á Alþingi. Önnur mál eru t.d. umræður hvort leyfa ætti döff að setjast undir stýri. Árið 1964 vann félagið að því að umferðarlögum yrði breytt þannig að döff gætu sótt sér ökuréttindi. Lesa má í gögnum að ekki voru allir sammála því að döff ættu að stjórna ökutæki en þetta ferli fékk farsælan endi og tóku ný umferðarlög gildi 1965. Baráttan hefur skilað okkur mörgu og þar á meðal má nefna lögum um réttindi sjúklinga, túlkanám á háskólastigi, stofnum Samskiptamiðstöðvarinnar, réttur til túlkunar í námi, aðgangi að táknmáls- túlki í daglegu lífi og mörgu fleiru. Baráttan stendur enn og það er okkar verk að sækja réttindi okkar.

Stjórnvöld hafa skipað ýmsar nefndir í ýmsum málefnum tengdum málefnum félagsins. Telja má allt uppí níu nefndir á síðustu 15-20 árin sem hafa ekki skilað neinu. Síðasta nefndin á vegum stjórn- valda var nefnd sem átti að vinna að verk- efnaáætlun um þjónustu fyrir þá sem reiða

sig á íslenskt táknmál frá vöggu til grafar. Það reynist þrautin þyngri þegar full- trúar félagsins fá eingöngu eitt eða tvö sæti á móti mörgum fulltrúum úr ýmsum áttum sem hafa enga þekkingu á sögu og menningu döff og íslensku táknmáli. Sjónarmið þeirra sem reiða sig á íslenskt táknmál mætir oft litlum skilningi í þessum nefndum vegna forræðishyggju, þekkingar- leysis og skilningsleysis. Allt of oft er verið að reyna að skera úr réttindum, færa okkur eins langt út á jaðarinn og hægt er en sem betur fer eru margir málsvarar sem hafa dug og kjark að synda á móti straumnum. Upp koma stundir þar sem málsvarar verða lúnir og því er gott að hafa hvatningarlið á bakknum sem hvetja þá áfram í baráttunni eða taka við og synda áfram til að sækja réttindin sem eru stærstu verðlaunin. Lög um íslenska tungu og íslenska táknmálið eru góð og sterk en þrautin reynist þyngri þegar reynt er á lögin og því mikilvægt að félagsmenn okkar láti vita ef þeir upplifa að brotið sé á réttindum þeirra að njóta íslenska táknmálsins. Oft höfum við heyrt að það sé ekki til neins þar sem þetta taki svo langan tíma. Þetta er málið, baráttan er ekki auðveld og tekur hún langan tíma en við fáum réttindin á endanum ef við förum réttu leiðina og gefumst ekki upp. Í mínu starfi sem formaður Félags heyrnarlausra hef ég unnið með mörgu óeigingjörnum fólki sem hefur lagt sitt af mörkum í hags- munabaráttu félagsins. Þetta fólk hefur áhuga á að hafa áhrif á umhverfi sitt og

finnst mikilvægt að berjast fyrir ákveðnum málstað og taka þátt í að byggja upp gott samfélag. Hvatinn til að taka þátt í slíku starfi er að hafa áhrif og breyta til hins betra, sækja réttindin. Þeir sem sitja í stjórn félagsins, starfsmenn og félagsmenn eru drifkrafturinn til að félagið geti keyrt áfram í hagsmunabaráttunni. Uppbyggileg gagnrýni er nauðsynleg og þarf að vera til staðar. Það getur verið bæði gagnlegt og hvetjandi að fá ábendingar um hvað má betur fara og leiðir til framfara. Hins vegar gerir tilgangslaus gagnrýni og niðurrif lítið gagn.

Döff öldungar samfélagsins okkar hafa tjáð mér margar reynslusögur um raunir þeirra í íslensku samfélagi í gegnum árin. Nefna má samskipti við fjölskyldur þar sem fjölskyldur notuðu ekki táknmál, flutningi að heiman einungis 4-5 ára til að fara í heyrnleysingja- skólann, skólagöngu án táknmálsins, tak- markað tjáningarfrelsi, skoðanir virtar að vettungi, slegið á hendur þeirra þegar þau vildu tjá sig á táknmáli, gleðina þegar þau fengu bílpróf, hvernig lífið og umhverfið stækkaði með auknum réttindum og virðingu gagnvart þeim sem einstaklingum sem reiða sig á íslenskt táknmál. Ég ber mikla virðingu og þakklaeti til þeirra sem hafa barist fyrir hagsmunum félagsmanna félagsins í gegnum árin. Baráttan er enda- laus og við þurfum alltaf að standa vörð um hagsmuni okkar frá vöggu til grafar.

A close-up portrait of Nyle DiMarco, a man with dark hair, blue eyes, and a beard, looking slightly to the left. He is wearing a dark, textured jacket. The background is a soft, light blue.

Nyle DiMarco sýnir nýja hlið

Hin heimspekkta heyrnarlausu fyrirsæta hefur notað frægðina til að breyta viðhorfum heyrandi gagnvart heyrnarlausum. Hann sýndi heiminum nýja hlið á heyrnarlausum í raunveruleikabættinum America's Next Top Model.

LJÓSMYND EFTIR ERIC PIETRANGOLARE

Leiðtoginn

sem fékk tækifæri til að breyta heiminum



Gunnar Snær Jónsson

Í fyrra vakti mikla athygli þegar Nyle DiMarco, sem er heyrnarlaus, sigraði fyrirsætukeppni Tyru Banks America's Next Top Model. Í greininni segir frá lífi hans og reynslu í keppninni. Hvernig hann leggur áherslu á að breyta heiminum og viðhorfi heyrandi gagnvart heyrnarlausum. Hann nýtir athyglina til að sýna heiminum hvað heyrnarlausir geta jafn vel og aðrir. Hann sigraði einnig keppnina Dancing with the stars og hafa margir farið að líta á hann sem fyrirmynd í heimi heyrnarlausra.

Í gegnum árin hefur upplifun heyrnarlausra alltaf verið að hafa þurft að brjóta niður hindranir til að opna hurð og nýjar hurðir bíða stanslaust á vegferð þeirra í lífinu vegna heyrnarleysisins og móðurmálsins, tákn máls. Það er ekki hægt að segja að tákn máli hafi verið mjög sýnilegt í fjölmiðlum í gegnum árin þó við höfum reynt okkar besta. Fólk sér tákn málið af einskærri tilviljun á förnum vegi en nú er tímabært að við höfum okkur meira í frammi og fólk í samfélögum okkar kunnir tákn málið betur til að draga úr fordómum.

Árið 1987 hlaut Marlee Matlin óskarsverðlaun fyrir aðalhlutverk og vakti það raunverulega athygli fólks að heyrnarlausir gætu leikið. Þegar Nyle DiMarco vann America's Next Top Model sýndi hann okkur nýja hlið á menningu og lífi heyrnarlausra.

Þessi ungi ameríski maður, Nyle DiMarco, ólst upp í Maryland í Washington DC. Hann ætlaði sér að verða stærðfræðikennari og útskrifaðist með stærðfræði sem aðalfag frá Gallaudet háskólanum. Nýjar dyr opnuðust þá fyrir honum og breyttu lífi hans. Hann hafði unnið sem fyrirsæta í verktakavinnu í nokkra mánuði þegar framleiðendur America's Next Top Model sáu myndir af honum á samskiptamiðlum. Enginn framleiðendanna hafði þá

hugmynd um að Nyle væri heyrnarlaus.

Baráttan við að brjóta niður hindranir

Nyle er eini heyrnarlausari keppandinn í sögu þáttanna. Vakti það mikla athygli að sjá heyrnarlausan keppanda í þættinum og allir hugsuðu fyrst og fremst um skort á samskiptum við aðra keppendur. „Ég hafði alls engar efasemdir um að verða hluti af þættinum þó ég væri heyrnarlaus. Staðreyndin er sú að ég var spenntur. Ég sá þetta sem tækifæri, ekki aðeins til að verða fyrirsæta heldur einnig til að breyta viðhorfum heimsins um heyrnarleysi“, sagði Nyle í viðtali við People. Hann talaði einnig um að stundum kallaði fólk hann „heyrnarskertan“ í upphafi en frétti svo að hann vildi frekar vera kallaður döff. Hann sagði það móðgandi að láta kalla sig „heyrnarskertan“ því það bendi til brotinnar sjálfmyndar. Í þáttunum var tákn málstúlkur til staðar í myndatökum og í samskiptum við dómnefnd þegar mat fór fram á myndum og frammistöðu. Það var ekki túlkur til staðar í húsínu þar sem hann dvaldi ásamt öðrum keppendum. Það var mikil áskorun fyrir hann í samskiptum og hann einangraðist. Enginn virtist taka tillit til þess að hann væri heyrnarlaus eða skilja hvað það þýddi. „Það var vissulega erfitt hjá mér vegna tungumálsins míns í húsínu í rúmlega tvo mánuði og ég fann mikið fyrir einangrun. Ég gerði mitt besta og lét ekki á

neinu bera. Þegar ég vann, fann ég hvernig þessum byrgðum létti af mér sem ég hafði bælt inn í mér í keppninni“, sagði Nyle.

Í þættinum fengu keppendur síma til að taka selfie (sjálfsmýnd á íslensku). Nyle notaði símann til að hafa samskipti við aðra með skrifuðum skilaboðum. Samkeppendur hans virtust ekki hafa mikinn áhuga á því og kusu frekar að einbeita sér að dramatík og vandamálum í hópnum. Nyle hafði hins vegar ekki áhuga á því og hélt sig utan við allt slíkt. Hann stóð sig mjög vel í þáttunum og kom það honum sjálfum á óvart hversu vel honum gekk að halda einbeitingu í keppninni og í myndatökum. Hann vildi ekki láta aðra hafa áhrif á sig eins og viðgekkst mikið í hópnum. „Ég trúir því sterklega að það að vera heyrnarlaus hafi verið minn ávinningur. Móðurmálið mitt, amerískt tákn máli (ASL), krefst tjáningar andlits og líkama. Það hjálpar í myndatöku þegar þarf að koma frá sér sögu“, sagði Nyle um ávinning heyrnarleysisins. Það var mikil samkeppni meðal keppenda að standa sig betur en Nyle svo það má segja að heyrnarleysið hafa hjálpað honum að blanda sér ekki í dramatík og þurfa ekki að hlusta á tal um tilgangslaus vandamál.

Honum fannst óraunverulegt að standa uppi sem sigurvegari í þáttunum og sagðist hafa horft aftur og aftur á



Eric Asla ljósmyndari tók þessar myndir af honum í fyrirsætu-þættinum, America's Next Top Model

þættina og heyrnarlausu sigurvegarann. Hann fékk fjölda skilaboða frá heyrnarlausum með hamingjuóskum og hrósi fyrir hversu vel hann kynnti samfélag heyrnarlausra í þáttunum. Samfélag heyrnarlausra er lítið og hann gat ekki sagt neinum frá þátttöku sinni í keppninni nema móður sinni. Ef hann hefði sagt fleirum hefði það strax spurst út. Hann hélt þátttökunni því leyndri og fannst það erfitt. En það var þess virði.

Talsmaður heyrnarlausra barna

Eftir þættina reiknaði hann með að flytja til Los Angeles en flutti í staðinn til New York. Það var rétt ákvörðun því sú borg hentaði honum betur til að stunda fyrirsetustörf og tískuíðnaðurinn fastari í sessi. Hann hefur farið í fjöldann allan af myndatökum og ferðast á milli skóla fyrir heyrnarlausu til að gefa börnum innblástur og hvatningu. Hann er einnig orðinn talsmaður LEAD-K (Language Equality and Acquisition for Deaf Kids) eða Jafnrétti tungumála og máltöku heyrnarlausra barna. Samtökin leggja áherslu á að efla jafnrétti tungumála. Sérstaklega ASL, sem er amerískt táknmál, og ensku. Grundvallarmannréttindi allra heyrnarlausra barna er tungumálið sem leiðir til nýrrar kynslóðar heyrnarlausra barna eftir leikskóla.

Nyle vonast til þess að þættirnir hafi breytt skoðun heyraandi um hvernig heyrnarlaust fólk er í dag þrátt fyrir fordóma gagnvart heyrnarleysi í mörg ár.

Í viðtali á MTV sagði hann:

„Ég vona að sigur minn hafi hjálpað við að koma í veg fyrir misskilning um heyrnarlaust fólk. Ég vona að með sigri mínum muni fólk átta sig á að við erum eins venjulegt fólk og hægt er. Ég vona líka að sigur minn mun hvetja heyrnarlaust fólk til að gera hvað sem það vill gera í lífinu. Möguleikarnir eru endalausir.“

„Ég ólst upp í stórrri heyrnarlausri fjölskyldu í stóru samfélagi heyrnarlausra. Ég er fjórða kynslóð heyrnarlausra í fjölskyldunni minni, rætur mínar ná því djúpt og stolt mitt er mótað af því. Ég elska að vera heyrnarlaus. Ég finn að það að elska heyrnarleysið gerði mig sjálfstæðan og færnan um að gera allt sem ég vil.“

Viðhorf heyraandi gagnvart heyrnarlausum hefur breyst gríðarlega mikið eftir að Nyle sýndi hlið þeirra í þættinum og margir byrjaðir að sýna áhuga á amerísku táknmáli. Á þessu ári stofnaði Nyle ný góðgerðarsamtök sem heita The Nyle DiMarco Foundation. Á heimasíðu sinni útskýrir hann fyrir hverju samtökin standa. Þau eru ekki rekin í hagnaðarskyni og er tilgangurinn að styðja heyrnarlaus börn og fjölskyldur þeirra fjárhagslega og bæta aðgengi þeirra að samfélaginu. Honum er annnt um heyrnarlaus börn og vill leggja

sitt af mörkum við að tryggja framtíð þeirra og að þau lendi ekki í hindrunum. Hann ætlar ekki að skipta sér af því ef foreldrar vilja að börn þeirra fái kuðungsigræðslu ef þau fá aðgang að táknmáli því niðurstöður rannsóknna segja að málþroski tvítyngdra barna gangi betur. Hann vill tryggja að táknmál verði fremst í forgangsröð við að örva mál-

þroska barna og styrkja félagsleg tengsl þeirra og meðvitund um menningu.

Með góðgerðarsamtökum sínum leggur hann einnig áherslu á að bæta aðgengi að upplýsingum um snemmtæka íhlutun, móðurmál barna og þróun læsis. Hvert barn verðskuldi kærleika og tungumál. Heyrnarlaus börn geta þroskast í hverju sem þau vilja verða eins og slökkviliðsmaður, lögreglumáður, lýtalækni, grunnskólakennari, háskólakennari, forritari, markaðsfræðingur, fyrirsæta eða leikari.



LJÓSMYND EFTIR ERIC PIETRANGOLARE

Lykillinn er að bæta aðgengi að upplýsingum og veita þeim strax aðgang að táknmáli.

Nyle kemur frá stórrí heyrnarlausri fjölskyldu sem veitti honum allt sem hann þurfti í barnæsku. Hann vill tryggja að aðrir fái sömu tækifæri. Honum var kennd enska og amerískt táknmál sem móðurmál frá upphafi. Hægt er að styrkja samtökin í gegnum heimasíðu hans og gerast félagsmaður. Svona einstakling þyrftum við að hafa í hverju landi.

Dansað við stjórnurnar

Eftir fyrirsætukeppnina ákvað Nyle að taka þátt í annarri keppni, Dansað við stjórnurnar (Dancing with the Stars), sem er danskeppni þar sem par keppir fyrir framan dómnefnd. Þar dansaði Nyle við Peta Murgatroyd sem er atvinnudansari. Hann viðurkenndi að hafa óttast mest að vera gagnrýndur fyrir þátttöku vegna heyrnarleysis síns. Samstarfið við Petu hjálpaði honum þó mikið því hún lærði táknmál og þau unnu saman með líkamlega tengingu.


Í æfingunum sagði Nyle að hann vildi segja sögu í gegnum dans. Hann vildi hjálpa heyrnarlausum að vinna von. „Dansinn okkar er fyrir milljónir heyrnarlausra. Þessi dans þarf að láta þá finna fyrir stolti“.

Nyle DiMarco og Peta Murgatroyd unnu keppnina. Þau hafa gefið áhorfendum inn-

blástur. „Ég vil í alvöru að tengjast áhorfendum og kenna þeim hvað það þýðir að vera heyrnarlaus“, sagði Nyle. Hann talaði einnig um djúpa tengingu við Peta sem hjálpaði honum að læra nýja hluti um sjálfan sig sem ýttu honum í gegnum erfiðleika í dansinum. „Í fyrstu vikunni sem við unnum saman var hún byrjuð að læra tungumálið og um menninguna mína. Hún var mjög forvitin. Hún gerði allt rétt frá upphafi“, sagði Nyle. „Þetta snerist um að læra um heim hvors annars og mér finnst skilaboðin vera ansi sterk“.

Nyle lítur ekki á sig sjálfan sem fatlaðan vegna heyrnarleysis heldur sér hann sig sjálfan sig sem tækifæri til að opna menningu heyrnarlausra fyrir heiminum. Hann lítur heyrnarleysi sem ávinning í fyrirsætustarfi því hann er vanur í því að taka á móti og senda skilaboð án þess að tala. Hann minnir einnig á að hlutverk heyrnarlausra manneskja í bíómyndum eigi að vera leikin af heyrnarlausum leikurum, ekki heyrandi. Það sama má segja um leikara sem leika fólk með fötlun í bíómyndum eða sjónvarpsþáttum.

Nyle hefur fengið tækifæri til að breyta viðhorfum heyrandi til heyrnarlausra um tungumál og menningu þeirra og hann hættir ekki fyrr en heimurinn sameinast með heyrnarlausum í virðingu og jafnræði án þess að líta á þá sem brotna hluti sem þarf að laga. Nyle sagði í viðtali við People að hann vildi ekki verða heyrandi ef hann fengi til þess tækifæri. „Mig hefur aldrei langað að heyra. Það hefur aldrei verið til í lífi mínu. Ég er hamingjusamur,“ sagði Nyle. Staðreyndin er sú að hann er sannarlega sá eini sem er fyrirmynd í garði heyrnarlausra. Við vonum að með tímanum hætti fólk ranghugmyndum um menningarsamfélag heyrnarlausra og fari að standa með okkur því við erum öll manneskjur í heiminum sem lifum í sama heimalandi án þess að heyra.



Við borum í nefið á meðan tungumálið okkar deyr



Nathaniel
Muncie

Á hverju ári deyja tungumál en áður en það gerist færast þau í flokk tungumála í útrýmingarhættu. Tungumál í útrýmingarhættu er tungumál sem fáir tala og fólkinu sem talar það fer fækkandi. Þetta kemur í veg fyrir þróun og útbreiðslu þess til kynslóðanna sem fylgja og ef ekkert er gert til að koma í veg fyrir svona neikvæða þróun, deyr tungumálið oftast út.

Ég hef alvarlegar fréttir, þó ekki nýjar.

Íslenskt táknmál (ÍTM) er tungumál í hættu. Útbreiðsla þess er reglulega hindruð og færri fólk talar það á hverju ári. Árið 2015 gaf félag ÍTM út skýrslu sem staðfestir hættustöðu tungumálsins og notast við rök og heimildir:

„Íslenska táknmálið (ÍTM), eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi, er í útrýmingarhættu þar sem við blasir að allir með móðurmálsfærni á ÍTM hverfi af sjónarsviðinu án þess að nýir bætist við.“ (p.1)

Í skýrslunni er farið yfir tvö vandamál sem helst hafa átt þátt í hættustöðu ÍTM. Þ.e. hindranir á útbreiðslu málsins á milli kynslóða (menntunarmál) og skortur á þátttöku og inngripi ríkisins (lagalegt/fjárhagsmál).

Í lokaorðunum skrifar félagið:

„Til þess að ÍTM geti sannarlega verið jafnréttihátt íslensku, líkt og lög nr. 61/2011 kveða á um, þarf að snúa við þeirri þróun

sem nú blasir við og framfylgja núgildandi lögum í verki. Opna þarf sérskóla fyrir heyrnarskert, heyrnarlaus og daufblind börn og börn döf foreldra þar sem ÍTM er kennslumálið, auka þarf fjármagn til rannsókna á málinu og málsamfélagi þess og auka veg þess og virðingu í öllum þeim umdæmum þar sem íslenska fær að dafna.“ (p. 9)

Í þessari grein mun ég skoða nánar mikilvægi næst síðustu lausnarinnar sem skráð er í tilvitnunni hér fyrir ofan. „...auka þarf fjármagn til rannsókna á málinu og málsamfélagi þess,“ og mun ég einnig útskýra ástæðurnar fyrir því að þessi lausn ætti í raun og veru að vera fremst á forgangslista okkar.

Fyrst langar mig til að ýta undir mikilvægi málheildar (e: corpus). Málheild er safn upplýsinga um tungumál, framkallaðar eða náttúrulegar, stafrænar og hliðrænar. Málheildir verða til þegar tungumál er skrásett og styður útbreiðslu þess til næstu kynslóða. Málheildir hjálpa samfélaginu og fagfólki að finna leiðir til þess að varðveita og örva þróun tungumálsins, sérstaklega ef það er í útrýmingarhættu

líkt og mörg önnur táknmál um heiminn.

Eins og er þá er málheild ábótavant hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH), þ.e. upplýsingum og rannsóknargreiningum um tungumálið. Málheildin er alls ekki lýsandi fyrir samfélag ÍTM. SHH, ásamt Háskóla Íslands, sótti um fjárhagsaðstoð og styrki hjá íslenska ríkinu og hjá félaginu Átak um Skrásetningu Tungumála í Hættu (Endangered Language Documentation Programme) til þess að efla málheild ÍTM en var synjað. Þróun á núverandi málheild ÍTM er í kyrrstöðu vegna skorts á fjármagni, þátttöku, og stuðningi samfélagsins.

Ég er að mestu leyti sammála þessari skýrslu þar sem hún er byggð á núverandi stöðu ÍTM út frá nýlegum rannsóknargögnum úr málvísindum. Hins vegar tók ég eftir því að skýrsluna skortir aðrar tillögur til þess að leysa úr hættustöðu ÍTM. Einnig sýnist mér að í skýrslunni liggja sú grunnhugmynd að, fyrst það er löglega ábyrgð ríkisins að koma í veg fyrir útrýmingu tungumálsins og endurlífga það, þá þurfum við að sætta okkur við annaðhvort að

berjast fyrir athygli þess eða sitja og bíða bara eftir því að eitthvað sé gert.

Frá mínu sjónarhorni er of lítt áhugi á baráttu og of mikil bið í samfélagi ÍTM. Ef við leggjum á okkur og berjumst þá er möguleiki á að við fáum aðstoðina sem við þurfum á að halda. En ef biðin heldur áfram verður ekki annað tækifæri.

Þó svo að inngríp og aðstoð frá ríkinu séu mikilvæg, þá er stór áhætta í því að sitja og bíða bara eftir því – og það tímanlega og án pólitískra aðgerða samfélagsins. Að mínu mati er það einfaldlega ábyrgðarlaus að bíða eftir því að ríkið grípi inn í þegar þetta er ábyrgð samfélagsins fyrst og fremst. Ríkið hefur víst aðrar og jafnmikilvægar ábyrgðir til að takast á við.

Ég bíð enn eftir því að sjá hóp af fólki – heyrnarlaust, heyrnarskert, og heyrandi – standa á Austurvelli og krefjast rétta síns og aðgerða frá ríkinu.

Í staðinn sé ég fólk bíða... og bora í nefið.

Ég vil benda á að það eru til aðrar lausnir á þessu vandamáli sem geta dregið úr skaðanum sem ríkið veldur með aðgerðarleysi sínu, fyrir utan samfélags- og pólitískar aðgerðir. Rannsóknargögn málvísinda benda á eina slíka lausn, sem byggist á beinu samstarfi samfélags til fjármögnunar og virkni í greiningu á, söfnun, og þróun tungumála- og kennslugagna, og til þess að blása nýju lífi í tungumál í útrýmingarhættu. Eitt dæmi sem má nefna er líkanið Tungumálasafn Samfélags (Linn's (2014) Community-Based Language Archive model)(CBLA):

„...ásamt samfélaginu, tekur safnið þátt í að framkvæma alls kyns skráningu, lýsingu og samhengi, viðhald og miðlun á upplýsingum. CBLA safn leggur áherslu á tungumál og viðhald þeirra, og fylgist með miðluninni á gögnum sem eru gerð fyrir, með, og af fólkinu í því samfélagi. Hugmyndir um aðgengi aukast og verða að veruleika með því að virkja fólkið í samfélaginu. Það þarf að minna það á stöðu sína sem skaparar og notendur safnanna, með þau markmið að viðhalda og endurlífga tungumálin sín.”

Tungumálasafn Samfélags aðstoðar við að sniðganga hættuna sem fylgir því að bíða eftir inngrípi ríkisins, jafnvel ef að raunveruleg barátta mistekst, og halda áfram að gera eitthvað í málunum. Samfélagsverkefni í þessum málum lætur hlutina gerast þrátt fyrir erfiðleika og aðgerðarleysi annarra. Það getur tryggt varðveislu og möguleika á endurlífgun á tungumálinu jafnvel þótt það deyi í almennri notkun (ég mæli með lestri um endurlífgun Hebresku, eitt sinn dauðt mál sem lifir á ný í Ísrael). Þegar samfélagið skráir sjálft tungumálið sitt, kemur það í veg fyrir að málheildin verði haldin í einkaeign, að það verði takmarkaður aðgangur að henni (stöðubundið

aðgengi hefur reyndar sína kosti þegar það kemur að trúnaðarmálum og einkalífi), eða að hún deyi vegna aðgerðarleysi ríkisins (reyndar, um þessar mundir er SHH að vinna í breytingum á aðgangsleyfi að málheild sinni til þess að auðvelda aðgengi). Ef tækifæri gefst þá vonast ég til að skrifa aðra grein út frá þessari sem skoðar nánar skref sem ýmis samfélög í kringum heiminn taka til þess að vinna að víðtækri málheild og endurlífga tungumálin sín.

Á undanförunum árum hefur samfélag heyrnarlausra tekið mjög stór skref í áttina að varðveislu og stuðningi við ÍTM sem tungumál. Barist var fyrir þeim rétti að geta löglega kallað ÍTM móðurmál sitt, og þar var sigur. Árangurinn var magnaður og hefur hvatt önnur samfélög um allan heim áfram. Sigurinn verður hins vegar til einskis ef tungumálið deyr út. Ef samfélag missir tungumálið sitt, missir það menningu sína og þar af leiðandi sjálft sig; það hættir að vera til. Samfélagið verður að taka fyrsta skrefið, því gjörðir fólksins hafa áhrif á áframhaldandi líf tungumál þess og menningu.

Áætlan mín með þessari ritgerð er að beina athygli ykkar að öðrum lausnum en að bíða, vona og reyna að fá aðstoð frá ríkinu því að þessi umræða er nægilega áberandi í samfélagi ÍTM. Einnig vil ég einfaldlega pota aðeins og blíðlega í hlutlaust samfélag sem blundar og er ekki virkt í því að bjarga tungumáli sínu. Þegar fólk í samfélagi situr og bíður eftir aðstoð annarra, þá hverfur samfélagið á endanum, er það ekki? Rannsóknarmenn og málfræðingar geta ekki borið ábyrgðina sjálfir; fyrst og fremst liggur ábyrgðin á okkur!

Ef það tekur samfélag að ala upp barn, þá tel ég að það taki samfélag að varðveita tungumál sitt. Skráning, varðveiting, og endurlífgun eru ekki einföld verkefni en þau eru ekki ógeranleg.

Valdið er í okkar höndum – í táknrænni merkingu og í þeirri bókstaflegri.

Smá umhugsunarefni:

- Skiptir þetta mig nógu miklu máli til þess að gera það sem þarf?
- Hvað get ég gert til að hjálpa?
- Hef ég efni, tíma, og/eða orku til að bjóða svo ég geti aðstoðað við varðveislu ÍTM?

Frábært fyrsta skref er að hafa samband við fagfólk hjá mismunandi félögum og miðstöðvum í samfélaginu og bjóða þeim tímann okkar og efni til úrræða og aðstoðar. Nokkur slík félög og upplýsingar um tengileiðir eru skráð í lok greinarinnar.

Ef okkur er virkilega sama um tungumálið og hættuna sem það er í þá er hljóðlætið og aðgerðarleysið okkar mögulega hægt að réttlæta. Ef þetta er raunverulega staðan þá mun ÍTM deyjast út

með vissu. Eftir verður málsgrein í sögu-bók um menningu og mál fortíðarinnar.

Það er nú ekki endilega svo slæmt, en það verða margir sem munu líta til baka og sjá eftir því sem einu sinni var.

Félög og miðstöðvar:

Málnefnd um íslenskt táknmál
Laugavegi 13
101 Reykjavík.

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum Hugvísindasvið

Háskóli Íslands
Aðalbygging
101 Reykjavík

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Félag heyrnarlausra

Pverholti 14
105 Reykjavík

References and resources:

Schembri, A. (2010). Documenting sign languages. In Peter K. Austin (ed.) Language Documentation and Description, vol 7. London: SOAS. pp. 105-143

Linn, M. S. (2014). Living archives: A community-based language archive model. In David Nathan & Peter K. Austin (eds.) Language Documentation and Description, vol 12: Special Issue on Language Documentation and Archiving. London: SOAS. pp. 53-67

Muncie, N. D. (2015). Íslenskt Táknmál Documentation Project. Unpublished manuscript, Gallaudet University.

Report of the Committee on Icelandic Sign Language / Skýrsla Málnefndar um íslenskt táknmál. (2015). Committee on the Icelandic Sign Language / Málnefnd um íslenskt táknmál. Retrieved from: <http://www.arnastofnun.is/solofile/1017031> and <http://www.arnastofnun.is/solofile/1017026>

Þorvaldsdóttir, K. L. (2016). Personal communication.





Gunnar Snær
Jónsson

Ljósmyndarinn í týnda landinu

Íslandsvinurinn og ljósmyndarinn Adam Skrzyszewski hefur dvalið hér á Íslandi í tíu ár. Ljósmyndir hans af íslenskri náttúru hafa vakið athygli fólks. Hann notar náttúruna til slökunar og til að dreifa huganum. Í viðtalinu segir hann frá því hvernig áhugi hans á ljósmyndun hófst og hvert hann ætlaði að fara áður en Ísland náði honum.

LJÓSMYNDIR EFTIR ADAM SKRZESWESKI

Myndin var tekin í
Stokksnes og er hún
tilvísun í myndina,
„The mountains are
calling and I must go“
eftir John Muir



„Ég viðurkenni að ég hef rætt við
Moniku konu mína um hvernig
lífið okkar hefði orðið ef við
hefðum flutt til Ástralíu.
Það var eins og fætur mínir
límdust við landið en
við Monika enduðum á
Íslandi og eignuðumst
tvö börn hér.“

Ljósmyndir eru allsstaðar í heiminum og sjáum við þær daglega út um allt. Þær eru notaðar í auglýsingum, fjölmiðlum og flestir nota snjallsíma í dag þar sem hægt er að taka myndir og deila með öðrum. En hvað um ljósmyndara sem leggja dýpri merkingu í myndir sempeirtaka og hvermynd skiptir máli. Hver er þessi ljósmyndari sem hefur vakið athygli fyrir náttúru ljósmyndir á Íslandi?

Adam Skrzyszewski er sjálfmenntaður í ljósmyndun og hefur tekið ljósmyndir í nokkur ár. Hann ólst upp í Torun í heimalandinu sínu, Póllandi og flutti til Poznan eftir útskrift úr grunnskóla. Hann fór á vinnu-markaðinn árið 2001 og fimm árum síðar var áhugi hans á ferðalögum orðinn mikill. Árið 2006 hafði hann ráðgert að flytja til Ástralíu. Hann hafði rætt mikið við föður sinn um ferðalög og sagt honum frá Ástralíu og náttúrunni þar, eyðimörkum, fjöllum og sjó sem ekki sást í Póllandi. Faðir hans hafði einnig mikinn áhuga á ferðalögum og menningu heimsins og sagði honum frá Íslandi en Adam hafði ekki hugmynd um hvaða land það var. Faðir hann hafði lesið nokkrar bækur um Ísland og sagði Adam að náttúran á Íslandi væri ólíkari en allt sem hann gæti ímyndað sér. Adam vissi ekkert um Ísland. Fólk sem hefur enga hugmynd um landið dettur oft í hug að það sé þakið ís eins og Suðurskautslandið og fólkíð búi eins og eskímóar með ísbjörnum og selum.

Hvað er Ísland?

Adam leitaði á netinu og fann helling af ljósmyndum af íslenskri náttúru og þar með kviknaði áhuginn. Það er ekki hægt að bera íslenska náttúru saman við önnur lönd. Adam varð því forvitnari um Ísland en Ástralíu og ákvað að hafa upp á ein-

hverjum heyrnarlausum einstaklingi sem hann gæti haft samband við á Íslandi. Þá kynntist hann Selmu og hún bauð hann velkominn til Íslands. „Upplifun mín var yfirþyrmandi þegar ég lenti á Keflavíkurlflugvelli og sá hversu flatt landið var með fullt af hrauni og engum trjám. Mér fannst ég vera staddur á plánetunni Mars“, segir hann. Þessari upplifun hafa túristar oft lýst þegar þeir lenda á landinu. Selma sýndi honum nokkra staði á Íslandi og Adam féll fyrir landinu þegar hann sá Geysi, Gullfoss og Þingvelli. Honum var boðin vinna hér en þá sá hann ekki fyrir sér að dvelja hér lengur en einn mánuð eða í mesta lagi ár. Í dag hefur hann þó búið hér á Íslandi í 10 ár.

Í kringum 2005 tók hann ákvörðun við að flytja til annars og upplifa eitthvað nýtt í nýju landi. Ástralía var eina landið sem hann langaði að fara til. Að hans mati hafa öll lönd í Evrópu svipaða menningu og eru einsleit. Hann vildi ný ævintýri. Faðir hans hafði meiri áhuga á Íslandi og sagði honum að aðeins 330 þúsund manns byggju þar og því meiri slökun og afslappaðra andrúmsloft en í heimalandi þeirra. Þegar Adam flutti til Íslands fann hann meiri tengingu við landið en hann hafði búist við. „Ég viðurkenni að ég hef rætt við Moniku konu mína um hvernig lífið okkar hefði orðið ef við hefðum flutt til Ástralíu. Það var eins og fætur mínir límdust við landið en við Monika enduðum á Íslandi og eignuðumst tvö börn hér“, segir Adam brosandí.

Þrátt fyrir lífsgæðin á Íslandi er mikill munur í samanburði við Pólland. Adam nefnir atvinnulífið sem er mun betra því það er mjög erfitt fyrir Pólverja að fá vinnu.

Flest fyrirtæki sjá heyrnarleysið sem fötlun vegna samskiptaskorts og sjá ekki aðrar leiðir eins og að skrifa á blað, látbragð eða a.m.k. meta hæfni einstaklingsins. „Segjum ef ég sæki um vinnu á lyftara á lager þá væri mér skylt að fara til heimilislæknis og fá mat hjá honum um hvort ég sé nógu hæfur til að vinna. Yfirleitt segja læknar að ég sé óhæfur út af heyrnarleysinu. Það voru aðeins störf fyrir fatlað fólk í boði fyrir heyrnarlausa en mér leist ekki vel á það“, segir hann. Það sem kom honum á óvart var viðhorf aldraðra á Íslandi þar sem þeir stunda sund, fara í gönguferð og keyra milli staða eins og þeir séu enn unglingar í anda því það er allt þvert á móti í heimalandinu hans. Aldraðir úti hafa ólíka hugsun þar sem þeir vilja frekar vera heima og keyra ekki út af aldri og kvarta yfir peningaeyðslu í læknistíma og lyf vegna verka.

Minni í staðinn fyrir filmu

Það var Íslandi að þakka að Adam fékk áhuga á að byrja á ljósmyndun. Áður en hann flutti hingað var hann ekkert hrifinn af ljósmyndum nema að taka hópmyndir með vinum sínum eins og allir elska að gera. „Þegar ég var yngri hafði ég engan áhuga á myndavélum þó faðir minn hafi átt filmu-myndavél var ekkert við hana sem kveikti bál inn í mér. Ég man þegar ég ferðaðist með vinum mínum á ströndina þá spurði ég um myndavél föður míns. En það sem ég gerði með myndavélina var að taka 36 filmur inni í herberginu með vinum okkar að leika að kasta hlutum upp í loft og ég reyndi að taka myndir til gamans. Faðir minn varð fyrir vonbrigðum þegar hann sá allar 36 myndirnar sem voru bara inni í herberginu af okkur í náttfötum“, segir hann hlæjandi. Adam fékk samt myndavél með filmu fyrir besta námsrángurinn við



Adam náði þessari mynd af þekktri flugvél sem hrapaði fyrir utan Vík í Mýrdal. Margir ferðamenn hafa lagt leið sína þangað til að taka mynd af flakinu



Kirkjufell í Grundarfirði

Ótrúlegt hvernig hægt er að fanga fegurð norðurljósanna á mynd



Kirkjufell



Jökulsárlón

Viltu sjá fleiri ljósmyndir eftir Adam? Fylgstu með honum á Instagram @photoadams

Reykjavíkurhöfn. Myndin tekið við tónleikahúsið Hörpu



skólaslitin en hann geymdi myndavélina heima og gleymdi strax að hann ætti hana. Hann fékk áhuga á myndavélum þegar Sony kynnti nýjar stafrænar myndavélar með minni í staðinn fyrir filmu. „Ég man eftir þegar ég keypti fyrstu stafrænu myndavélina, Sony DSC-V1, þá litu allir á mig eins og ég væri ríkur að eignast stafræna myndavél“. Hann sá ekki fyrir sér að taka alvöru ljósmyndir nema fjölskyldumyndir, skemmti- og djammmyndir. Þegar hann ferðaðist til Íslands árið 2006 og tók stafrænu myndavélina með, tók hann sérstaklega eftir túrismum með stærri SLR myndavél og hann skildi ekki hvers vegna þeir þurftu að bera stóra myndavél í staðinn fyrir venjulegu stærðina sem Adam átti. Eftir að hafa dvalið á Íslandi í tvo mánuði sneri hann aftur heim til Póllands vegna brúðkaups systur sinnar. Gerði hann þá könnun á SLR myndavélum á netinu og tók eftir gæðamun sem hann vissi ekki einu sinni um. Hann vildi samt nota myndavélina sína áfram og laga myndirnar í myndvinnsluforriti en tók eftir mun á gæðunum. Allar flottu myndirnar sem hann sá á netinu voru teknar með stærri myndavél en hans.

Adam og Monika kona hans spöruðu peninga frá brúðkaupi þeirra sumarið 2007 og fengu helling af brúðkaupsgjöfum og þau ákváðu að kaupa SLR myndavél. Hann fékk valkvíða við val á myndavél en heyrði frá flestum ljósmyndurum að þeir mæltu með Canon og hann fann að Canon var rétta myndavélina fyrir hann. Sumir kjósa frekar aðra tegund. „Þegar við snerum aftur til Íslands tók ég ljósmyndir af náttúrunni og ég hélt fram að það væri nóg að taka myndir og sýna öðrum en vissi ekki að margir notuðu Adobe Lightroom forritið til að laga myndir og litir. Þá fattaði ég að ég átti margt ólært“, segir Adam. Hann keypti sér bók um myndvinnsluforritið Lightroom, og lærði margt um myndvinnslu. Ég dag veit hann hverju hann er að leita að þegar hann tekur myndir í náttúrunni. Hann er fastur í náttúrunni og hefur mestan áhuga á því myndefni. Hann hugsar oft um að ef hann hefði snúið tilbaka til Póllands hefði ekkert af þessu gerst.

Frá blómum í fjöll

Þegar hann hóf ljósmyndun, tók hann myndir af fuglum og blómum því það var auðveldara að taka nærmyndir, en ekki fjöll því hann þurfti að læra betur á hvernig stillingu og linsu hann átti að nota til að fá sem besta útkomu. Hvert skref var áskorun og smám saman lærði hann meira um hvaða stillingar ætti að nota til að fá sem bestar myndir. Hann fann sig í að taka myndir af náttúrunni, eins og af landslagi, ám, fossum og hrauni. Honum fannst þær myndir segja meira en nærmyndir. Það sem hjálpar honum að slaka á er gönguferð í náttúrunni með myndavélina. „Að taka ljósmyndir í mínum augum er eins og jóga. Þegar maður á fjölskyldu og þarf að sinna vinnu, fjölskyldulífi og streita myndast fer ég stundum í gönguferð að taka myndir og

það hjálpar mér að slaka á.“ Hann hefur gleymt sér í slíkri ferð og fékk konan hans miklar áhyggjur þegar hann hafði verið í burtu í fimm til sex klukkustundir. Sjálfur hélt hann að hann hefði bara verið í burtu í rétt um klukkustund. „Þegar þú ert úti í náttúrunni gleymir þú allri streitu og álagi sem hafa verið lengi í höfðinu þínu, þú gleymir stund, stað og hvað klukkan er orðin“, segir Adam hlæjandi.

Hann skoraði á sjálfan sig að taka ljósmyndir af norðurljósum en misheppnaðist í hvert skipti þar sem myndirnar voru alltaf óskýrar. Hann ákvað að strika norðurljós af listanum sínum því hann gat ekki tekið góðar myndir. Seinna fékk hann upplýsingar frá öðrum ljósmyndurum að það þyrfti þrífót til að taka ljósmyndir af norðurljósum. Árið 2011 keypti hann nýja og betri myndavél og linsu. Þá tók hann eftir að hann gat loksins tekið góðar myndir. Maður lærir alltaf með tímanum því það er alltaf eitthvað nýtt sem hægt er að læra.

Adam sýndi vinum sínum ekki margar ljósmyndir þegar hann keypti fyrstu SLR myndavélina því hann var að læra og vildi ekki sýna myndirnar fyrr en hann væri sáttur við útkomuna. Hann skráði sig í ljósmyndaragruppu á facebook þar sem átti að senda myndir inn í keppni fyrir verðlaun. Hann fékk flestar athugasemdir við sínar myndir. Fólk tók eftir á einni þeirra að sjórin var ekki sléttur heldur skáhallandi og á annarri var mynd af kirkju þar sem krossinn var ekki sýnilegur. Fólk taldi þá myndina „brotna“. „Ég lærði með tímanum að hver mynd þarf að hafa eigin þýðingu en ekki er nægilegt að segja aðeins að hún sé flott“, segir hann. Hann byrjaði fyrst að birta myndirnar sínar opinberlega á facebook og instagram árið 2011. Adam vildi finna leiðir til að sýna fólki myndirnar sínar án þess að þurfa að setja þær inn á eigin heimasíðu þar sem vinir fengju reglulega áminningu þegar nýjar myndir kæmu inn. Instagram appið virkaði vel og margir fóru að taka eftir myndunum hans og hrósa honum. „Þarna fann ég að ég var á réttri leið og gat séð fyrir mér að halda áfram því mig vantaði stuðning“. Ólíklegt er að ljósmyndarar haldi áfram ef þeir hafa engan stuðning eða fá aldrei hrós frá öðrum. Einhverjir höfðu samband við Adam og báðu um að kaupa nokkrar myndir af honum og það er öllu Instagram að þakka að hans mati.

Í dag má segja að Adam sé fagmannlegur ljósmyndari þó hann geti ekki svarað sjálfur hvort hann sé það. Hann sér þó mun með meiri reynslu því myndirnar hans hafa tekið miklum framförum síðan hann byrjaði. Hann hefur lengi langað að vinna sem ljósmyndari hjá National Geography. „Ég hef alltaf fylgst með National Geography. Þau birta myndir af dýrum og náttúru og mig langar að geta kafað undir sjó og tekið myndir. Hver vill það ekki?“

Félagar í ljósmyndaferð

Allir geta orðið ljósmyndarar ef þeir hafa markmið. Mistök sem fólk gerir oft er að prófa og hætta þegar þeim mistekst í staðinn fyrir að læra af mistökunum og byggja upp í hverju skrefi. „Það sem byrjendur eiga að gera er að spyrja aðra ljósmyndara ráða og fá vísbendingar um hvernig þeir geta tekið betri myndir og hvaða stillingar á að nota fyrir ákveðin sjónhorn“, segir Adam. Hann segir frá að eitt sinn hafi maður haft samband við sig því hann var mjög hrifinn af ljósmyndunum hans og Adam ákvað að bjóða honum í ljósmyndunarferð til þess að gefa honum innblástur. Adam útskýrði ýmislegt um stillingar fyrir honum og hvernig maður notar þær til að fá rétt augnablik í myndunum. Hann spurði svo hvenær Adam ætlaði í næstu ferð. „Ég benti honum á að kaupa betri myndavél og tveim mánuðum seinna gerði hann það og í dag erum við félagar. Það er nauðsynlegt fyrir ljósmyndara að eignast féлага því manni getur leiðst með tímanum og misst áhugann“, segir Adam.

Í haust ætlar hann að safna peningum fyrir ferð til Grænlands og Færeyja. Hann hefur kynnt sér málin í tvö ár og veit að í Færeyjum er náttúran svipuð og á Íslandi og þar langar hann að taka myndir. „Að ferðast til Grænlands og Færeyja eru á listanum mínum en spurningin er hvenær“. Hann segir ferðina til Grænlands kosta mjög mikið og hann vill helst ekki ferðast þangað á stuttum tíma því það tekur lengri tíma að keyra upp til norður Grænlands og taka myndir af ís á hreyfing og fleiru í Norðurskautinu. „Það kostar jafnmikið fyrir einn mann eins og fjögurra manna fjölskylduferð að ferðast til Grænlands þó það sé ekki langt frá Íslandi.

Þannig að maður þarf að byrja að spara peninga“, segir Adam. Í bili mun Adam því nýta tímann í að prófa nýtt í ljósmyndun ásamt félagi sínu.



LJÓSMYNDIR EFTIR HJÖRDÍSI ÖNNU HARALDSDÓTTUR OG TROELS MADSEN



Ó já, við viljum lifa á NORÐUR LÖNDUM

Norrænt samstarf heyrnarlausra á sér langa sögu eða síðan í byrjun síðustu aldar. Formlega hófst samstarfið árið 1907. Þá byrjuðu döff að hittast og ræða málefni og baráttumál sem tengjast döff og táknmálinu. Í gegnum tíðina komst á reglulegt samstarf og norrænar þjóðir fóru að hittast tvisvar yfir árið til að ræða málefni sem tengjast sérstaklega menntun, aðgengismálum og táknmáli. Eiginlega öll þau málefni sem snerta döff frá vöggju til grafar. Samhliða þessu samstarfi hefur viðburðum verið slegið upp eins og að skiptast á að halda menningarhátíð á 4 ára fresti. Fyrsta skipulagða mótið fyrir döff ungmenni á aldrinum 18 – 30 ár var haldið í Elverum, Noregi árið 1954. Eftir það hefur nær óslitið verið haldið mót á tveggja ára fresti. Þrisvar hefur slíkt mót verið haldið hér á landi. Fyrsta mótið var í Reykholti árið 1976, annað mótið í Þórsmörk árið 2006 og þriðja mótið var nú í ár á Reykjum. Til stóð að hafa mót 1986 en það var slegið af.

Upphaflega var mótið kallað norrænt æskulýðsmót heyrnarlausra en síðan 2008 hefur það verið kallað NUL sem er skammstöfun af Nordisk ungdom lejir. Mótið hefur skapað sér ákveðnar hefðir sem haldið hefur verið við. Alltaf er flaggað á hverjum morgni og löndin skiptast á að flagga og syngja þjóðsöngva á sínu máli. Þá er einnig skipst á að hafa umsjón með kvöldvöku. Mikill metnaður er í að hafa sem flottasta kvöldvöku. Yfir daginn er allskonar afþreying í boði, má þar nefna, boðhlaup, leysa þrautir, ratleiki, hópavinnu og hópefli.

Markmiðið með mótinu er að skapa vettvang fyrir norræn ungmenni að hittast, kynnast nýjum vinum, taka þátt í ávintýrum með jafningjum sínum, fræðast

um menningu og táknmál hvers lands og bindast vináttuböndum. Slíkt mót hafa oft en ekki verið nefnd vítamínsprauta og sjálfsefandi fyrir ungmenni og stöðu döff og táknmálsins á Norðurlöndunum.

Afsprengi af þessu norræna samstarfi var samstarf döff unga fólksins og hefur starfað síðan árið 2001. Helsta hlutverk þeirra er að skiuþeggja barna- unglinga- og æskulýðsmót og ræða um stöðu ungmenna á Norðurlöndum á sviði jafnréttis, menntunar og aðgengi að táknmálstúlkum.

Æskulýðsmótið var haldið í 30. sinn á Íslandi í sumar eða á Reykjum frá 25. júlí til 31. júlí. Mótið var vel sótt og allt að 113 manns voru með. Hópurinn hittist fyrst á BSÍ og þaðan var tveimur rútum ekið norður í

Hrútafjörð á skólaláðirnar að Reykjum. Aðstaða þar vakti lukku. Sundlaug, íþróttasalur og ógleymanleg náttúruleg salur sem var óspart notuð. Dagskrá var þéttbókuð og hópnum var skipt niður í 10 hópa. Markmiðið var að safna stigum og keppast um að vera sigurhópur mótsins.

Farið var á Byggðarsafnið á Reykjum, í hópefli, boðhlaup og reiptog. Ýmis hópavinna var og ógleymanleg loftboltakeppni. Hópurinn fékk fullt hús stiga fyrir að fulla mætingu á morgunflöggunina og í dagskrána. Einn daginn var þemað 1976 þar sem hópurinn klæddist fötum frá því ári. Gaman var að sjá metnaðinn í hópnum og fjölbreytileikann við að nálgast tíðarandann frá árinu 1976. Ástæðan fyrir að þetta ár var valið var að

fyrsta mótið var haldið á Íslandi 1976. Á skólabúðunum á Reykjum er einnig hefð fyrir að hafa „crazy hair day“ svo einn dagur var helgaður klinkuðum hárgreiðslum. Ótrúlegt var að sjá ímyndunar-aflið innan hópanna, sumir rökuðu allt hárið af, aðrir greiddu hárið upp eins og hreiður og meira að segja með eggjum. Á kvöldvökunni var svo mikið hlegið, öskrað og keppt. Oft var keppt milli landanna og var stemningin ekki ólík og á íþróttamóti. Víkingaklappið fræga frá EM var oft tekið. Síðasta kvöldið var hefðbundin athöfn þar sem Ísland afhenti Danmörku keflið

og verður mótið haldið þar eftir tvö ár. Við erum með 3 „faralds kefli“ þar sem upplýsingar um hvert mót er grafið í, þ.e. númer mótsins, staður, land og dagsetning. Fyrsta keflið er pínulítið og er frá fyrstu fimm mótunum, miðju keflið er líklega það frægasta og er frá mótunum frá 1954-2002 og gaman er að segja frá því að íslenskur gullsmiður smíðaði þriðja keflið sem er forlátt brons kefli.

Snemma á sunnudagsmorgninum 31. júlí hélt hópurinn á BSÍ. Allir þreyttir og sælir eftir vikuna og ríkir af nýjum minningum og vinum. Sumir eru byrjaðir að hlakka til næsta móts sem verður í Danmörku árið 2018.



Á finnska kvöldinu var skorað á þátttakendur að muna lengsta finnska orðið sem er 52 stafir



Á norska kvöldinu var keppt í að drekka cider bjór og borða oreo kex án þess að loka munnum





Starfsmaður fer yfir reglur leikjanna



Mikil spennu og æsingur var milli hópanna í hverjum leik



Áhorfendur fylgast með þáttakendum keppa



Svíarnir sungu þjóðsöng sinn á sænska deginum.



Þáttakendur frá hverju landi áttu að teikna mynd með munnum. Náðu þeir því?

Mikið samkeppni að sigrast loftbolta-keppni



Þvílíkt hugmyndaflug á Bad Hair Day.




Allir þurftu að hoppa í ískaldan sjó til að fá stig fyrir hóp sinn.



- hásk
 - Næn
 - Ígrótt.
 - Hlaupa
 - Skóla
 - Klúbba
- margt smátt
www.margtsmatt.is

Tveir þátttakendur frá hverju landi áttu að skipta um fót eins hratt og hægt var undir sængurverum





Hópmýnd af öllum
þátttakendum ásamt
starfsmönnum og
leiðtogum

smatt

smatt.is

Til að læra eitthvað meira
eflir innri mann.

Ég vil vaxa, ég vil dafna
minningum vil safna.
Lika eignast nýja vini
þroska hug og hönd.

Lærum og leikum
og lifum á sátt.

mar þill sáttinn
syn um há

Saman öll
nú syngjum

Ég vil vaxa
nýjum min
Lika eignast
þroska hu

Lærum og
og lifum
Sam
nú



sönginn
m við hátt.

a, ég vil dafna
ningum vil safna
st nýja vini
g og hönd.

leikum
sa
sönginn
m við hátt.

g og
fti við
örn i b
kar þr



Áströlsk söngkona
söng fyrir hönd Ástralíu
í Eurovision þetta ár.



Táknmál í Eurovision



Gunnar Snaer
Jónsson

Kolbrún Völkudóttir var ein af táknmálssöngvurunum sem túlkuðu Eurovision lögin á alþjóðlegt táknmál í keppninni sem sýnd var í beinni útsendingu í maí. Hún segir frá undirbúningsnámskeiði sem hún sótti ásamt öðrum söngvurum og hvernig þýðingar fóru fram á lögnum sem flutt voru í Stokkhólmi.

Hvað væri Eurovision án táknmáls í dag? Eurovision keppnin hefur verið afar vinsæl allt frá fyrstu keppni sem haldin var árið 1956. Gallinn var að heyrnarlausir höfðu ekki tók á að njóta hennar fyrr en nýlega. Fyrir nokkrum árum ákvað sænska ríkissjónvarpið, SVT, að fara af stað með þróunarverkefni sem fólst í því að ráða

heyrnarlausu Svía til að þýða lögin á sænskt táknmál. Vakti þetta framtak mikla athygli í heiminum.

Það var þó ekki fyrr en í ár að ákveðið var að hefja samvinnu við döff fyrirtækið Julia & Juli Kommunikation AB. Auglýst var eftir táknmálssöngvurum um alla Evrópu til að

þýða öll lögin á alþjóðlegt táknmál svo heyrnarlausir í Evrópu gætu fylgst með keppninni og notið hennar eins og allir aðrir. 50 umsóknir bárust en aðeins 11 voru valdir. Kolbrún Völkudóttir var ein af þeim.


Kolbrún segir reynsluna í umsóknarferlinu hafa verið mjög góða og áskorun fyrir sjálfa sig í þýðingum. Allir umsækjendur fengu sama lagatextann til að þýða á eigin hátt á táknmál fyrir framan myndavél. Myndbandið var svo sent inn ásamt einni mínútu um þau sjálf. Við mat á umsóknum voru þýðingarnar skoðaðar ásamt augnsambandi því það er mjög mikilvægt við að grípa athygli áhorfenda.

11 umsækjendur voru valdir og sendir á námskeið í Stokkhólmi þar sem unnið var undir handleiðslu sænsku leikkonunnar Debbie Rennie. Hún gaf þeim hugmyndir og verkfæri til að dýpka og bæta þýðingarnar.

„Með því er átt við stækkun handa-hreyfinga og annað. Skoðað var hvort við hefðum lært eitthvað á námskeiðinu og bætt okkur frá fyrstu upptöku sem send var með umsókninni. Þeir 8 sem höfðu sýnt framfarir í lokaverkefninu komust áfram í lokaúrtak fyrir næstu þýðingu á Eurovision lögnum,“ sagði Kolbrún.

Eftir lokaúrtakið hafði Kolbrún tvær vikur til að þýða öll lögin sem hún fékk á námskeiðinu heima upp á eigin spýtur. Svo sneri hún aftur til Stokkhólms og var þá gerð smávegis breyting á





„Ég tel að það sé mikilvægt að geta komið textanum í laginu vel frá sér. Í því felst að túlka textann og koma táknmálinu frá sér með réttum ryþma sem getur verið mikil áskorun fyrir okkur sem erum heyrnarlaus. Það er mikilvægt að söngvarinn hafi mikla útgeislun, þetta er eiginlega einhver tilfinning og túlkun. Þetta er bara svipað og með söng heyrandi fólks. Sumir syngja guddómslega meðan aðrir geta ekki sungið og allt þar á milli,“ sagði Kolbrún við viðtalinu á RÚV.is

LJÓSMYND EFTIR ANDRES PUTTING

þýðingunum. Samtals voru þetta 42 lög svo tímaramminn var frekar stífur.

Flestir hafa örugglega velt fyrir sér hvernig táknmálssöngvararnir gátu fylgt takti og sungið textalínur á réttum tíma. Kolbrún útskýrði að textinn hafi verið í gangi á skjá og hann hafi litast þegar sungið var svo þau gátu fylgt hverju orði, eins og í karaoke sem allir kannast við.


„Einnig var hljóðmagnari við hliðina á þar sem við stóðum svo við fundum vel fyrir bassanum“, sagði Kolbrún. Einnig fengu þau athugasemdir frá hljómanni sem fylgdist með upptökunum. Hann fylgdist t.d. með ef hreyfing og tjáning pössuðu ekki saman og gaf þeim vísbendingar um hvernig tónlistin hljómaði. Þau gátu því

fylgst með honum og horft í myndavélina á sama tíma. Það var döff sem stýrði undirbúningsnámskeiðinu og fylgdist með táknmálspýðingunum. Hann lét vita ef eitthvað þurfti að gera betur eða finna annað tákni ef það var ekki alþjóðlegt. Einnig var reynt að passa að táknmálið væri ekki amerískt því það eru ekki allir í Evrópu sem kunna það.

Upplifun Kolbrúnar af að sjá sjálfa sig í beinni útsendingu var skrítn að hennar sögn. Eitt dæmi sem hún kom með var norska lagið. Þar hafði hún átt erfitt með þýðinguna svo hún varð taugaóstyrk. Hún fann enga tengingu við lagið og fannst hún ekki ráða við það. Hún ræddi því við heyrandi konu um hvernig takturinn í laginu væri. Hún gat gefið henni ráð með taktinn

og sagði henni jafnframt að norska lagið væri ólíkt öllum lögnum. Það gekk þó vel vel að lokum en henni fannst henni ekki ganga nógu vel í upptökunni. Svo breyttist viðhorfið á keppniskvöldinu þegar Kolbrún sá sig í sjónvarpinu: „Þegar ég sá mig sjálfa í sjónvarpinu varð ég frekar hissa og sagði, “Þetta er mjög flott, maður! Það kom mér á óvart,“ sagði Kolbrún.

Kolbrún vill gjarnan taka þátt í verkefninu aftur ef það verður að veruleika í Úkraínu í maí á næsta ári. En það kemur í ljós hvort fjármagn verður til svo hægt verði að ráða fólk til að þýða textana. Kolbrún er reynslumikil í bransanum og hefur alltaf haft brennandi áhuga á táknmálssöng. Hún hefur t.a.m. tekið þátt í Jólasöngvum Langholtiarkirkju og Jólasprotum í Hörpu.



Viltu sjá viðtalið við hana í Fréttum vikunnar? Smelltu á þátt nr. 18 á heimasíðu okkar og þar má finna íslenskan texta að auki fyrir þá sem ekki skilja tákn-mál

#Döffmót2016




Heiðís Dögg
Eiríksdóttir

Döffmót, Laugaland 1. - 3. júlí 2016

Undirrituð mætti galvösk á svæðið með sínu fólki á fimmtudagskvöldi fyrir Döffmótið. Lítil fugl sem mættur var á undan mér hafði hvíslað að mér að gott væri að taka með stigvél. Sá fugl hefði betur sagt mér að koma með bát. Svo mikið hafði rignt að tæpast var hægt að tala um polla heldur frekar tjarnir. Nokkrir þurrir blettir voru fundnir og hafist handa við að tjalda. Föstudagurinn rann upp sólríkur og fagur eins og vanalega og svæðið þurrkaðist smám saman upp. Fólkið fór að tynast á staðinn og hendurnar fóru á flug allan sólarhringinn. Ungir sem aldnir nutu helgarinnar í góðum félagsskap og í góðu veðri. Notalegt var að rölla í sundlaugina sem var á svæðinu með góðum heitum pottum. Farið var í ratleiki, fótboltaleik, snúsnú og fleiri leikir spruttu fram. Ég þakka öllum fyrir góðar samverustundir á mótinu, alltaf gaman að sjá ný andlit og jafnframt gömul og góð. Ég hvet fólkið að skoða myndir með hashtaginu #doffmot2016 og merkja myndir sjálf. Hlakka til að sjá alla og fleiri á næsta ári, #doffmot2017. Upplýsingar verða veittar inn á heimasíðu félagsins undir viðburðum.



LJÓSMYNDIR EFTIR KARENINU CHIDO, GUÐRÚNU HALLDÓRSDÓTTUR OG HEIÐÍSI DÖGG EIRÍKSDÓTTUR





MEÐ TÁKNMÁLI, GERIST ÉG JAFNINGI



ALÞJÓÐABARÁTTUVIKA
HEYRNARLAUSRA 2016
19-25 SEPTEMBER 2016